

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 365/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Ragnari Erni Eiríkssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**

Hildi Fríðu Þórhallsdóttur

(Kristján Stefánsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Skjalafals. Fjársvik. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu og ákærvalds með stefnu 29. ágúst 1995. Vísa ákærðu til a-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Þau krefjast þess, að refsing sín verði milduð, en ákærða, Hildur Fríða, krefst þess jafnframt, að refsing sín verði skilorðsbundin. Einn dómfelldra í málinu unir héraðsdómi, og er hann ekki til endurskoðunar gagnvart honum.

Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærðu verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærðu verði dæmd til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu voru þau með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1995 sakfelld fyrir fjársvik og ákærði, Ragnar Örn, að auki fyrir skjalafals. Var refsing hans ákveðin fangelsi í fimm mánuði og refsing ákærðu, Hildur Fríðu, fangelsi í þrjá mánuði. Dómi þessum var ekki áfrýjað.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Svo sem þar kemur fram, eru brot ákærðu stórfelld. Fólust þau einkum í misferli með tékka, en einnig í því að verða sér úti um gistingu og veitingar á gistihúsum, en hverfa á braut án þess að greiða kostnaðinn. Stóð brotastarfsemi þeirra yfir samfelld í marga mánuði síðari hluta árs 1994 og í byrjun árs 1995. Einstök brot, sem ákærði, Ragnar Örn, er sakfelldur fyrir, eru nær áttatíu talsins og brot ákærðu, Hildur Fríðu, yfir fimmtíu.

Verður refsing beggja ákveðin með vísun til þeirra ákvæða almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem getur í héraðsdómi, auk 2. mgr. 70. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða, Ragnars Arnar, hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Verða ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar hans staðfest svo og um refsingu ákærðu Hildar Fríðu.

Dæmdar bótakröfur eru ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti fangelsi í 12 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar hans er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu, Hildar Fríðu Þórhallsdóttur, er staðfest.

Ákvörðun hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skulu vera óröskuð.

Ákærði, Ragnar Örn, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Ákærða, Hildur Fríða, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristján Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. júlí 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 25. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 836/1994: Ákærvaldið gegn Ragnari Erni Eiríkssyni, Hildi Fríðu Þórhallsdóttur og X, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, annars vegar ákæru lög-reglustjórans í Reykjavík, dagsettri 14. nóvember sl., og hins vegar ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. júní sl., gegn ákærðu, Ragnari Erni Eiríkssyni, Bergþórugötu 15 A, Reykjavík, fæddum 9. maí 1960, fæðingarnúmer 581,

Hildi Fríðu Þórhallsdóttur, Kambaseli 56, Reykjavík, fæddri 25. október 1968, fæðingarnúmer 313, og X.

Með ákærinni, dagsettri 14. nóvember sl., er málið höfðað á hendur ákærða, Ragnari Erni, einum „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 5. júní 1993, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis, ekið bifreiðinni GO-476 austur Grettisgötu, um Rauðarárstíg, Stórholt og Þverholt, þar sem hann stöðvaði bifreiðina.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Með ákærinni, dagsettri 20. júní sl., er málið höfðað á hendur öllum ákærðu „fyrir eftirgreind fjársvik og skjalafalsbrot, framin í Reykjavík, nema annars sé getið:

A.

Fjársvik.

Ákærða, Ragnari Erni, er gefið að sök að hafa gefið út í eigin nafni og notað í viðskiptum eftirtalda tékka til handhafa, nema annars sé getið, án þess að næg innstæða væri fyrir fjárhæð tékkanna:

I. Í ágúst 1991 gefið út á reikning sinn nr. 15929 við Íslandsbanka hf., Lóuhólum 2–6, tékka nr. 9540606 til Sigurðar Ingimundarsonar, að fjárhæð 55.000 kr., dagsettan 2. 9. 1991, og notað til kaupa á bifreið, sem ákærði keypti af Sigurði Ingimundarsyni, Hringbraut 72, Keflavík.

II. Hinn 29. ágúst 1994 notað í viðskiptum í versluninni Regnbogaframköllun, Síðumúla 34, tékka nr. 4909550, að fjárhæð 10.000 kr., út gefinn 26/8 1992, á stolnu eyðublaði frá Íslandsbanka hf., Breiðholti.

III. Í ágúst 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 10 tékka á eyðublöðum úr glötuðu tékkhefti Rögnvalds Jóhanns Sæmundssonar, Eggertsgötu 8, Reykjavík, frá Íslandsbanka hf., Breiðholti:

— — —

B.

Fjársvik.

Ákærðu Ragnari Erni og Hildi Fríðu er gefið að sök að hafa gefið út sitt á hvað í eigin nafni og notað í félagi í viðskiptum eftirtalda tékka til handhafa, nema annars sé getið, án þess að næg innstæða væri fyrir fjárhæð tékkanna:

I. Í september og október 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 7 tékka á eyðublöðum úr stolnu tékkhefti Guðmundar Benediktssonar, kt. 040450-

7699, Seylugranda 20, Reykjavík, á einkareikning nr. 11683 frá Landsbanka Íslands, Oddagötu 6, Seyðisfirði:

II. Í desember 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 3 tékka á stolnum eyðublöðum frá Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi:

III. Í desember 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 5 tékka á stolnum eyðublöðum frá Landsbanka Íslands, Bankastrætisútibúi:

IV. Í desember 1994 til febrúar 1995 notað í viðskiptum eftirtalda 35 tékka til handhafa, nema annars sé getið, á eyðublöðum úr stolnum tékkheftum Krónunnar hf., Mýrargötu 26, Reykjavík, frá Íslandsbanka hf., Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi. Á eyðublöðin er prentað reikningsnúmerið 204080 eða 204081 og nafn útgefanda, pr. pr. Króna hf. Ákærðu gáfu út og framseldu tékkana sitt á hvað og nýttu sér andvirðið sameiginlega:

V. Í september 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 7 tékka á stolnum eyðublöðum frá Búnaðarbanka Íslands. Ákærði, Ragnar, gaf tékkana út í eigin nafni og notaði þá einn, nema annars sé getið:

VI. Í september 1994 notað í viðskiptum eftirtalda 4 tékka á stolnum eyðublöðum frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, sem ákærði Ragnar gaf út í eigin nafni:

C.

Fjársvik.

Ákærðu Ragnari Erni og Hildi Fríðu er gefið að sök að hafa í september 1994 verið saman á eftirtöldum hótélum og þegið þar gistingu og veitingar og síðan farið af hótélunum án þess að greiða kostnaðinn, en það var fyrir fram ákveðið af ákærðu, enda voru þau félaus og höfðu enga möguleika á að greiða hótélreikningana.

1. Á Hótel KEA, Hafnarstræti 89, Akureyri, frá 10. til 12. september. Reikningsfjárhæð 58.147 kr.
2. Á Hótel Borgarnesi frá 12. til 13. september. Reikningsfjárhæð 34.060 kr.
3. Á Gistihúsinu við Bláa lónið frá 13. til 19. september. Reikningsfjárhæð 30.000 kr.

Framanlýst háttsemi ákærðu telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skjalafals.

Ákærðu Ragnari Erni og X er gefið að sök að hafa í júní 1993 í félagi notað í viðskiptum eftirtalda 4 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr stolnu tékkhefti Páls Áskelssonar, Hnitbjörgum, Hólmavík, frá Búnaðarbanka Íslands, Hafnarbraut 25, Hólmavík. Ákærði, Ragnar, útfyllti tékkana og falsaði nafn Páls Áskelssonar, 180662-5379, sem útgefanda, og ákærða X framseldi tékkana.

— — —

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

E.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Eftirtaldir aðilar hafa gert þær kröfur í málinu, að ákærðu verði dæmd til að greiða þeim skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá brotsdegi til greiðsludags, sem hér greinir:

— — —

Af hálfu ákæruvalds hefur verið fallið frá ákærulið A. I. í ákæru, dagsettri 20. júní sl.

Við meðferð málsins var því lýst yfir af hálfu sækjanda, að ríkissaksóknari hefði tekið við saksókn í fyrrgreindu máli, er lögreglustjórinn í Reykjavík höfðaði á hendur ákærða, Ragnari Erni.

Ákæra, dagsett 14. nóvember 1994.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, en þó má taka fram, að magn alkóhóls í blóði ákærða, Ragnars Arnar, umrætt sinn mældist 1,13‰.

Með skýlausri játningu ákærða, Ragnars Arnar, þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæða í ákæru.

Ákæra, dagsett 20. júní 1995.

Ákæruliður A. II–III.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þessa ákæruliði varðar.

Með skýlausri játningu ákærða, Ragnars Arnar, þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í þessum ákæruliðum og réttilega eru færð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Ákæruliður B. I–VI.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þessa ákæruliði varðar.

Með skýlausri játningu ákærðu Ragnars Arnar og Hildar Fríðu þykir

sannað, að þau hafi framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök í þessum ákæruliðum og réttilega eru færð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Ákæruliður C.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru, að því er þessa ákæruliði varðar.

Með skýlausri játningu ákærðu Ragnars Arnar og Hildar Fríðu þykir sannað, að þau hafi framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök í þessum ákærulið og réttilega eru færð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Ákæruliður D.

Síðla sumars árið 1993 bárust RLR kærur vegna 4 falsaðra tékka, samtals að fjárhæð 51.000 kr. Voru tékkarnir út gefnir af Páli Áskelssyni og fram-seldir með nafninu X. Rannsókn RLR leiddi í ljós, að tékkhefti Páls hafði verið stolið, og var nafnritun hans fölsuð á tékkunum.

Ákærði, Ragnar Örn, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa falsað ofangreinda tékka og notað þá í viðskiptum ásamt með-ákærðu X.

Niðurstaða.

Með skýlausri játningu ákærða, Ragnars Arnar, er sannað, að hann hefur framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í þessum lið ákæru og varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Ragnars Arnar, hefur hann á árunum 1977 til 1992 hlotið samtals 23 dóma, aðallega fyrir þjófnað, skjalafals, nytjastuld og umferðarlagabrot, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú fjórum árum og sex mánuðum. Þá hefur ákærði margoft verið sviptur ökuleyfi ævilangt. Síðustu dómur, sem ákærði hlaut, voru 25. október 1991, þriggja mánaða fangelsi og ævilöng ökuleyfisssvipting fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 48. gr. umferðarlaga, 26. febrúar 1992, 30 daga fangelsi, hegningarauki fyrir þjófnað, og 11. mars 1992, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Ákærða var 12. maí 1992 veitt reynslulausn skilorðsbundið í eitt ár á 50 daga eftirstöðvum refs-ingar. Ákærði hefur staðist skilyrði reynslulausnarinna.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í tíu mánuði. Þá ber að svipta ákærða ökurétti, eins og krafist er í ákæru, dagsettri 14. nóvember sl., og samkvæmt lagákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um margítrekað brot er að ræða, ber að árétta ævilanga ökuréttarsviptingu ákærða.

Ákærða Hildur Fríða hlaut á árunum 1988 til 1989 fjóra skilorðsdóma fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals, og 31. ágúst 1990 var ákærða dæmd í sex mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Ákærða gekkst undir sektargreiðslu árið 1991 fyrir umferðarlagabrot, og 29. mars 1993 fékk ákærða dóm fyrir umferðarlagabrot, fjársekt og ökuleyfissviptingu.

Refsing ákærðu Hildar Fríðu þykir hæfilega ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í fimm mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Páttur ákærðu Ragnars Arnar og Hildar Fríðu í máli þessu sætti hvorki sókn né vörn, og verða þau því einungis dæmd til greiðslu þess sakarkostnaðar, sem beinlínis leiddi af þætti þeirra í málinu, þar með talin þóknun skipaðs verjanda þeirra, Hilmar Ingimundarsonar hrl., 30.000 kr., er þau greiði in solidum. Ákærða X greiði ein 3/4 hluta saksóknarlauna, er renni í ríkissjóð, 15.000 krónur, og 3/4 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur, en 1/4 hluti greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Áréttuð er ævilöng ökuréttarsvipting ákærða.

Ákærða Hildur Fríða Pórhallsdóttir sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Ákærðu Ragnar Örn og Hildur Fríða greiði þann hluta sakarkostnaðar, sem beinlínis leiddi af þætti þeirra í málinu, þar með talin þóknun skipaðs verjanda þeirra, Hilmar Ingimundarsonar hrl., 30.000 krónur, er þau greiði in solidum. Ákærða X greiði ein 3/4 hluta saksóknarlauna, er renni í ríkissjóð, 15.000 krónur, og 3/4 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur, en 1/4 hluti greiðist úr ríkissjóði.
